

185 6. nóvbr. þurfa, heldur myndi hitt vera nægilegt, að fela landshöfðingjanum, samkvæmt 2. grein auglýsingar frá 22. febr. 1875 um verksvið hans, að ráða úrslitum um lán af fje sjóðsins, eptir þeim reglum, sem ráðgjafinn setur viðvíkjandi trygging fyrir lánunum og þannig, að samþykki ráðgjafans útheimtist að því, er snertir aðalupphæð fjár þess, sem hvert reikningsár má verja til lána úr viðlagasjóði gegn veði í fasteignum á Íslandi.

Þótt það eigi verði sjöð, að hin núverandi tilhögun, að senda bönarbrjefin um lán ráðgjafanum til úrslita, sje nokkrum verulegum vandkvæðum bundin, vill þó ráðgjafinn ekki mæla móti því, að lánnum af viðlagasjóði verði eptirleiðis hagað á þann hátt, sem landshöfðinginn hefir stungið upp á, en að öðru leyti er búizt við því, að fylgt verði hinum sömu reglum hjer eptir, sem hingað til, og að einkum sveitarfjelögum, almennum fyrirtækjum og stofnunum verði einnig eptirleiðis gefinn kostur á, að fá lán úr viðlagasjóði, með sömu kjörum og verið hafa.

186 6. nóvbr. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknalegu brjefi frá 14. f. m. veitir ráðgjafinn yður með skírskotun til brjefs síns frá í dag um að ávaxta fje viðlagasjóðsins, vald til á í hönd farandi vetri að veita lán af sjóði þessum, er alls nemi 15—20000 kr., og ber yður að gæta reglna þeirra, sem ákvednar eru að því, er tryggingu fyrir slíkum lánnum snertir.

Fyrir því er falið yður, herra landshöfðingi, að kveða á um bönarskrár þær, er hingað hafa borizt frá Guðmundi sýslumanni Pálssyni og Jóni sóknarpresti Benediktssyni, þar sem hinn fyrnefndi biður um 3000 kr. og hinn síðarnefndi um 1600 kr. lán og hafið þjer hinn 6. og 7. f. m. sent ráðgjafanum tillögur yðar þar um. Lætur því ráðgjafinn bönarskrá Guðmundar sýslumanns Pálssonar hjer með endursenda.

187 7. nóvbr. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hinn lærða skóla.* — Eptir að hafa meðtekið þóknlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 17. september þ. á. og fylgdi því ályktun beggja deilda alþingis um ýms atriði snertandi hinn lærða skóla, hefir ráðgjafinn allraþegnsamlegast lagt það til, að breytt yrði 7. grein í reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík frá 11. júlí 1877, og hefir það verið álitíð rjettast jafnframt að leitast við að fá ákvörðun skólareglugjörðarinnar um skiptingu skólans í 5 bekki, þar sem einn þeirra var tveggja ára bekkur, breytt í það horf, sem svarar til skiptingarinnar á 5. bekk í 2 eins árs bekki, sem komst á við byrjun þessa skólaárs, og hefir hans hátign konunginum síðan 1. þ. m. þóknast allramildilegast að fallast á uppástungur þær, sem ráðgjafinn hefir gjört hjer að lútandi, eins og sjá má af auglýsing þeirri, sem prentuð er í A. deild stjórnartíðindanna 11. tölulíð.

Í sambandi við þetta vil jeg með tilliti til hinna annara athugasemda og til laga, sem herra landshöfðinginn hefir gjört í tjeðu brjefi, tjá yður það, sem nú skal greina, til þóknalegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Eins og ráðgjafinn, þegar á allt er litið, fellst á ráðstöfun þá, sem herra landshöfðinginn hefir gjört með tilliti til umsjónarinnar með skólanum, þannig er yður falið á vald, að samþykkja þær breytingar í ákvörðun þeirri, sem gjörð hefir verið með tilliti til umsjónarinnar yfir skólapiltunum, sem yður kynnu að virðast hentugar, eptir að candid. philol. Sigurður Sigurðsson hefir í haust verið settur kennari í